

Umhverfisnefnd

2. fundur vor 2013

Mættir voru Kristín Dögg, Brynhildur, Dagný, Júnía, Hugrún Jana og Freydís Inga

Umhverfissáttmáli, lagður fyrir drög að umhverfissáttmála. Formaður lagði fyrir drög að sáttmála. Og tók við ábendingum frá nemendum. Svona var svo afraksturinn.

- Við flokkum rusl
 - Við endurvinnum það veið getum endurnýtt
 - Við sendum flokkað rusl til endurvinnslu
 - Dýrin á Krossum fá magarafgangna frá skólanum
- Við spörum orku
 - Við látum vatn ekki renna að óþörfu
 - Við höfum ljósin ekki kveikt að óþörfu
- Við hugsum vel um umhverfið okkar
 - Við týnum upp rusl sem við finnum úti
 - Við hugsum vel um plönturnar í kringum okkur
 - Við biðjum bílstjóra um að drepa á bílunum fyrir framan skólann

Færa þarf spjald þar sem fólk er beðið um að drepa á bílnum sínum af bílskúrnum á Leikbæ yfir á Árskógarskóla

Rætt um matarafganana, hvert fara þeir.

Flest allur maturafgangur fer í dýrin á Krossum.

Hvað megi dýrin ekki fá. Rætt var um að dýrin vilja ekki fá bananhýði og appelsínubörk, formaður umhverfsnefndar ætlar að útbúa mynd með þessum upplýsingum sem hengja má upp í matsalnum.

Einn dallur fyrir dýrin.

Einn dallur fyrir appelsínubörk og bananahýði.

Einn dallur fyrir vökva.

Mikilvægt að nemendur flokki matarafgangana sjálfir þannig að þannig að þau læri hvað á að fara hvar.

Rætt var um að reyna ætti að setja niður kartöflur í kartöflugarð skólans

Rætt var stuttlega um rafmagnsnotkun, hvenær á að slökkva ljósin.

Nemendurnir fengu miða til að hengja upp við slökkvara í sinni stofu til að minna okkur öll á að muna eftir að slökkva ljósin.

Rætt var um að nemendur myndi sá einhverri plöntu.

Formaður umhverfisnefndar ætlar að reyna að fara inn í bekkina til að ræða flokkun á rusli.

Fundi slitið